

# Íslenskur iðnaður

F R É T T A B R É F

11. töl. • Nóvember 1999

**Skipulagsmál á  
höfuðborgarsvæðinu**  
*Ritsjómargrein*

2



**Fyrirtækjasamningar**  
*Andri V. Sigurðsson lögr. SA*

3

**MIDAS-NET verkefninu lýkur**



**VKS fær Íslensku  
gæðaverðlaunin**  
*Íslensk iðnfyrirtæki*

5

**Íslenska ánægjuvögin**  
*Niðurstöður*

6



**Lofsvert lagnaverk 1998**  
*Íslensk fyrirtæki*

7



**Hönnunarverðlaunin '99**

9



## Lofsvert lagnaverk 1998

Lyfjaverksmiðjan Delta hf. fékk viðurkenningu  
Lagnafélags Íslands



# Skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu

Að undanfögnu hefur verið í gangi vinna á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu undir yfirskriftinni: Á hverju á höfuðborgarsvæðið að lifa á 21. öldinni. Hér er ekki rými til að fjalla um nema fáa þætti þessa máls en gerð verður grein fyrir ýmsu því sem sett var fram af vinnuhópi sem fjallaði um framtíðarkröfur atvinnulífsins til landrýmis og skipulag atvinnusvæða.

Hópurinn setti fram nokkur markmið og tillögur, þar á meðal:

## 1. Að sveitarfélögin samræmi áætlanir sínar um uppbyggingu atvinnusvæða og að tryggd verði fjölbreytt framboð atvinnulóða í sveitarfélögunum sem hæfa mismunandi starfsemi.

Sveitarfélögin hafa oft verið svifasein að mæta kröfum markaðarins um lóðir. Þegar uppsveifla verður í samfélaginu og eftirspurn eftir lóðum eykst verður mikill lóðaskortur sem leiðir aftur til verðsprenginga á lóðum og húsnæði.

Lagt er til að bæta úr þessu ástandi með því að koma á laggirnar samráðsnefnd sveitarfélaga og atvinnu-

lífs um skipulag atvinnusvæða. Henni er ætlað að tryggja að sveitarfélögin þekki þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma og að atvinnulífið viti um og þekki áætlanir sveitarfélaganna. Jákvæð reynsla er af slíku samstarfi t.d. í Danmörku. Eitt af hlutverkum slíkrar nefndar er reglubundin athugun á þörf atvinnulífsins fyrir athafnasvæði og áætlun um framboð atvinnulóða í hverju sveitarfélagi.



## 2. Að stuðlað verði að meiri sérhæfingu atvinnusvæða en tíðkast hefur og stöðugleiki í skipulagi verði tryggður.

Það er eðlilegt að skipulag byggðar þróist og breytist í tímans rás. Allmörg dæmi eru um að iðnaðarhverfi hafi breyst í verslunar- og þjónustusvæði með aukinni útþenslu byggðarinnar. Nauðsynlegt er að milda áhrif slíkra breytinga með markvissari stýringu á landnotkun og ígrunda þarf betur en áður staðaval iðnaðarhverfa með tilliti til þessarar þróunar.

Mjög mikilvægt er að skipulag einstakra svæða standi óbreytt sem lengst og ekki sé sífellt verið að gera breytingar á því. Fjárfestar þurfa að geta treyst því að ekki verði grundvallarbreytingar á skipulagi sem geta kippt grundvöllinum undan rekstrinum. Þegar flytja þarf fyrirtæki vegna breytinga á skipulagi verður að gefa þeim góðan frest til undirbúnings og uppbyggingar á nýju svæði. Gerð er tillaga um að sveitarfélögin komi sér saman um grófa flokkun atvinnusvæða í svæðisskipulaginu og staðsetningu þeirra og settar verði ákveðnar reglur sem tryggi fyrirtækjum góðan aðlögunartíma að breyttu skipulagi

## 3. Að tryggja fyrirtækjum sveigjanleika til uppbyggingar og þróunar.

Kröfur fyrirtækja til húsnæðis og umhverfis breytast stöðugt. Meiri kröfur eru gerðar til umhverfisins þar sem ímynd fyrirtækjanna skiptir æ meira máli. Samþjöppun fyrirtækja og sameining kallar á stærri lóðir undir skrifstofuhúsnæði. Fjármála- og hugbúnaðarfyrirtæki gera t.d. nýjar kröfur til innra skipulags, þau vilja stór opin rými en ekki hefðbundnar skrifstofur. Þetta kallar á nýtt húsnæði fremur en endurnýtingu eldra húsnæðis.

## 4. Að stuðla að aukinni endurnýtingu svæða.

Þéttbýli á Íslandi er varla nema nokkurra áratuga gamalt og því hefur ekki enn reynt á endurskipulagningu stærri svæða innan eldri byggðar. Endurnýting svæða er orðin mjög aðkallandi vegna umhverfis- og hagkvæmnissjónarmiða og geta þau vegið þyngra en sjónarmið um verndun eldri byggðar.

## 5. Að orkufrekum og grófarí framleiðsluiðnaði ásamt endurvinnsluiðnaði verði fundinn staður á höfuðborgarsvæðinu eða í nágrenni þess í samstarfi við nágrenna byggðarlögin.

Stöðugt er verið að þrengja að þessum fyrirtækjum því öll sveitarfélögin virðast vilja ýta þeim sem lengst í burtu. Breytt almenningssálit í umhverfismálum og auknar alþjóðlegar kröfur í þeim efnum hafa einnig mikil áhrif í þessu sambandi. Af þessum sökum er mikilvægt að tekið verði sérstaklega á staðavali þessarar starfsemi í svæðisskipulaginu.

Gerð verði úttekt á staðavali fyrir þennan iðnað á höfuðborgarsvæðinu og tekin ákvörðun um staðsetningu slíkra svæða í svæðisskipulaginu

Vonandi láta sveitarfélögin ekki hér við sitja heldur hrinda þessum tillögum í framkvæmd sem fyrst. Pólitískur hrepparígur má ekki koma í veg fyrir það. Á þessu er brýn þörf og ekki eftir neinu að bíða.

Sveinn Hannesson



**SAMTÖK  
IÐNAÐARINS**

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR  
11. tbl. Nóvember 1999  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 23.11.1999  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.  
Litgreining: Prentmyndastofan hf.  
Ljósmyndir: Kristján E. Einarsson á forsiðu  
Odd Stefán bls. 9

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,  
121 Reykjavík  
Sími: 511 5555, fax: 511 5566  
Kennitala 511093-2019  
www.si.is, e-mail: thora@si.is  
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason  
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir  
Efnisstjóri: Þóra Ólafsdóttir  
Prófarkalestur: Ingi Viðar Árnason

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir í slíkum tilfellum.





# Fyrirtækjasamningar

Í síðustu kjarasamningum náðust fram heimildir til að þróa fyrirtækjasamninga á vinnustöðum. Fyrirtækjasamningar eru samningar á milli starfsfólks annars vegar og fyrirtækis hins vegar. Í kjarasamningum var markaður rammi utan um þau efnisatriði sem heimilt er að semja um í fyrirtækjasamningum og markmið fyrirtækjasamninga skilgreind; þetta var gert í svokölluðum fyrirtækjapætti kjarasamninga. Hér á eftir verður gerð örstutt grein fyrir þessum atriðum kjarasamninga og hvaða möguleikar felast í gerð fyrirtækjasamninga.

## MARKMIÐIÐ AÐ AUKA FRAMLEIÐNI

Samningsbundið markmið fyrirtækjasamninga er að efla samstarf starfsfólks og stjórnenda á vinnustað með það fyrir augum að skapa forsendur fyrir bættum kjörum starfsfólks með aukinni framleiðni. Markmiðið er að þróa kjarasamninga þannig að þeir nýtist báðum aðilum til aukins ávinnings.

Fyrirtækjasamningar geta tekið til einstakra afmarkaðra vinnustaða og ætlast er til þess að viðræður um fyrirtækjapátt fari fram undir friðarskyldu almennra kjarasamninga. Samtökum atvinnulífsins er ætlað að vera aðildarfyrirtækjum til ráðgjafar við gerð fyrirtækjasamninga, en starfsmenn fyrirtækjanna geta jafnan leitað ráðgjafar hjá hlutaðeigandi verkalýðsfélagi. Almennt er gert ráð fyrir því að trúnaðarmenn séu í forsvari fyrir starfsmenn í viðræðum við stjórnendur fyrirtækisins ásamt tveimur til fimm starfsmönnum til viðbótar sem skipa samninganefnd.

## HEIMILT AÐ VÍKJA FRÁ ÁKVÆÐUM KJARASAMNINGS Í ÁKVÆÐNUM ATRIÐUM

Með fyrirtækjasamningi er heimilt að aðlaga ákvæði gildandi kjarasam-

nings þörfum vinnustaðarins með frávikum varðandi ýmsa efnisþætti samningsins.

- Heimilt er að semja um sveigjanlegri vinnutíma, t.d. þannig að dagvinnutímabil verði frá 07.00 – 19.00.
- Heimilt er að semja um fjögurra daga vinnuviku.
- Heimilt er að taka upp vaktavinnu.
- Heimilt er að færa hluta yfirvinnuálags í dagvinnugrunn.
- Heimilt er að semja um að yfirvinnutímum sé safnað saman og í þeirra stað séu jafn margar klukkustundir teknar í orlof á virkum dögum utan háannatíma fyrirtækis.
- Heimilt er að semja um annað fyrirkomulag neysluléa.
- Heimilt er að ráðstafa hluta orlofs til að draga úr starfsemi eða loka á tilteknum dögum utan annatíma.
- Heimilt er að þróa afkastahvetjandi launakerfi.

## HLUTDEILD STARFSMANNA Í ÁVINNINGI

Takist samkomulag um aðlögun ákvæða kjarasamnings að þörfum fyrirtækis kveða kjarasamningar á um það að jafnframt skuli samið um hlutdeild starfsmanna í þeim ávinningi sem fyrirtækið hefur af breytingunum. Hlutdeild starfsmanna getur komið fram með ýmsu móti, t.d. fækkun vinnustunda án tilsvarenda skerðingar á tekjum, greiðslu fastrar upphæðar fyrir ákveðið tímabil, hæfnisálagi, prósentuálagi eða fastrí krónutölu á laun eða með öðrum hætti, allt eftir því hvernig um semst hverju sinni.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að samið var um fyrirtækjapátt kjarasamninga hafa nokkrir fyrirtækjasamningar verið gerðir og er reynt af þeim tiltölulega góð. Það er hins vegar fyrst og fremst undir stjórnendum og starfsmönnum komið hvernig til tekst hverju sinni. Samtök atvinnulífsins hafa verið fyrirtækjunum innan hand-

ar við gerð slíkra samninga og eru að þróa sérstaka þjónustu er tengist fyrirtækjasamningum, t.d. varðandi uppbyggingu launakerfa. Nánari upplýsingar um gerð fyrirtækjasamninga og allt það sem að þeim lýtur eru auðsóttar á skrifstofu Samtaka atvinnulífsins.

Andri V. Sigurðsson  
lögfræðingur SA



## Stjórn Prenttæknistofnunar í viðræðum við Rafiðnaðarskólann

**Stjórn Prenttæknistofnunar hefur að undanfögnu átt í viðræðum við Rafiðnaðarskólann um stofnun sameiginlegs margmiðlunarskóla. Gert er ráð fyrir að starfsemi Prenttæknistofnunar breytist verulega við þetta.**

Margmiðlunarskóli Prenttæknistofnunar, sem nú er á öðru starfsári, ásamt öðrum tölvunámsskeiðum yrðu flutt í hinn nýja skóla ásamt svipuðum námskeiðum sem Rafiðnaðarskólinn hefur einnig rekið. Framtíðarverkefni Prenttæknistofnunar yrðu t.d. þróun og rekstur sérhæfðra fagnámsskeiða, námskrágerð og umsjón sveinsprófa. Gert er ráð fyrir að finna Prenttæknistofnun stað í hinu nýja umhverfi. Áætlað er að niðurstöður viðræðnanna liggi fyrir eigi síðar en um næstkomandi áramót.

Þórarinn Gunnarsson

# MIDAS-NET verk- efninu lýkur

Í ársbyrjun 1997 hófst rekstur MIDAS-NET skrifstofunnar í samvinnu Samtaka iðnaðarins, Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands, Starfsmenntafélagsins og Samtaka íslenskra tölvu og fjarskiptanotenda. Rekstur þessarar skrifstofu er styrktur af Evrópusambandinu og er hluti af INFO2000 áætluninni sem styður framleiðslu og útgáfu á evrópsku margmiðlunarefni og aukna notkun almennings og fyrirtækja á því.

Fyrst í stað var megináhersla lögð á að kynna INFO2000 áætlun ESB fyrir hagsmunaaðilum hér á landi. Smám saman fór þó starfsemin að þróast í að sinna ýmsum öðrum verkefnum sem stutt gætu við vöxt margmiðlunariðnaðarins. MIDAS hefur frá upphafi rekið öflugan netþjón þar sem m.a. má finna gagnlegar upplýsingar um margmiðlunariðnað á Íslandi, fyrirtæki í þessum iðnaði, styrkjamöguleika innan Evrópusambandsins og tengingar við aðra upplýsingabrunna. Við höfum veitt fyrirtækinu einstaklingsbunda þjónustu varðandi ýmsa þætti s.s. umsóknir til Evrópusambandsins, samninga við fjárfesta, hvernig á að ná tengslum við erlenda aðila, þátttöku í vörusýningum og almenna upplýsingaöflun innanlands og utan.

Áhersla hefur verið lögð á að virkja ýmsa aðila til samstarfs um ýmis verkefni sem stuðlað geta að framgangi margmiðlunar hér á landi. Með því er meiri möguleiki á að starfið haldi áfram eftir að MIDAS hættir störfum. Af ýmsu er að taka í því sambandi og skulu hér tekin nokkur dæmi.

MIDAS-NET studdi Prenttæknistofnun við undirbúning, skipulagningu og fyrstu skref við að setja á stofn margmiðlunarskóla. Tengsl MIDAS-NET við systurskrifstofur í Evrópu komu þarna að mjög góðum notum. Af þessu leiddi er að nú er rekinn öflugur og heildstæður margmiðlunarskóli af Prenttæknistofnun sem á örugglega eftir að verða mikil lyftistöng fyrir íslenskan



margmiðlunariðnað. MIDAS er einnig þátttakandi í verkefni með fræðsluráði málmíðnaðarins og Fjölbrotarskóla Suðurnesja, sem miðar að því að kanna möguleika og undirbúa gerð raf-ræns kennsluefnis í netgerð.

MIDAS hefur haft mikil samskipti og samvinnu við stjórnvöld, bæði formleg og óformleg. Stjórnvöld hafa verið látin vita af ýmsum gagnlegum upplýsingum sem okkur hafa borist um atburði, verkefni og þróun, innanlands og utan. Nýlega hélt MIDAS-NET, í samvinnu við verkefnisstjórn ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið, kynningarfund um Grænbók Evrópusambandsins um aðgang að opinberum upplýsingum og var hann mjög vel heppnaður.

MIDAS hefur tekið þátt í ýmsum evrópskum samstarfsverkefnum og má nefna „Euro-Prix“ evrópsku margmiðlunarverðlaunin, „Internet Action Plan“ sem hefur það markmið að vinna gegn skaðlegu efni á internetinu og „Netdays“ sem dregur fram og styrkir internetverkefni skólafólks.

Stærstu evrópsku samstarfsverkefni eru þó MLIS og MAGNET. MIDAS sá um rekstur upplýsingaskrifstofu fyrir MLIS áætlun ESB sem lýtur að því að styrkja og aðlaga lítil málsvæði þeim breytingum sem upplýsingasamfélagið og upplýsingatæknin hafa í för með sér. Á þessum vettvangi stóð MIDAS fyrir ráðstefnum með erlendum sérfræðingum í samstarfi við Utanríkisráðuneytið, Útflutningsráð og fleiri aðila. Rannsókn var gerð á tungumálakunnáttu og þörf íslenskra fyrirtækja

fyrir tungumálalækingu og unnið er að bækingi um sama efni í samvinnu við Utanríkisráðuneytið. Einnig var komið upp netþjóni með upplýsingum um verkefnið.

Að MAGNET verkefni komu ýmis margmiðlunarsamtök í Evrópu, skiptust á upplýsingum og unnu saman að ýmsum verkefnum. MIDAS-NET hér á landi hafði yfirumsjón með könnun á aðstæðum margmiðlunarframleiðenda á Íslandi og Grikklandi og voru niðurstöðurnar bornar saman við rannsóknir frá ýmsum öðrum löndum. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa nýlega verið kynntar og ættu að geta nýst í stefnumótun fyrir þennan iðnað í framtíðinni.

Samtök Evrópuskrifstofa á Íslandi hafa með sér sífellt árangursríkara samstarf og hafa þau staðið fyrir ýmsum verkefnum, s.s. Evrópudögum í Perlunni, námskeiðum og kynningarfundum. MIDAS hefur verið ábyrgt fyrir upplýsingadálki Evrópuskrifstofa í Morgunblaðinu sem birtist á tveggja vikna fresti.

Með rekstri MIDAS-NET skrifstofunnar hefur þeim aðilum sem að henni standa vonandi tekist að stuðla að jákvæðri þróun margmiðlunar hér á landi. Við þökkum þeim fjölmörgu aðilum sem hafa komið að þessu starfi með okkur.

Vilmar Pétursson  
Aðalsteinn J. Magnússon



# VKS fær Íslensku gæðaverðlaunin 1999

Hugbúnaðarfyrirtækið Verk- og kerfisfræðistofan (VKS) hlaut Íslensku gæðaverðlaunin 1999 en þau voru afhent nýlega. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi gæði á sviði rekstrar og stjórnunar en þeim er ætlað að vekja athygli á mikilvægi skipulegs og markviss gæðastarfs fyrir samkeppnishæfni fyrirtækja í landinu. Jafnframt er þeim ætlað að vekja athygli á þeim fyrirtækjum sem skara framúr á þessu sviði.

Matsferli Íslensku gæðaverðlaunanna byggir á líkani Gæðastjórnunarfélags Íslands er nefnist Innskyggnir og byggir að mestu á líkani European Quality Award (EQA). Líkanið er sett saman úr 9 þáttum sem taka til allrar starfsemi fyrirtækisins (sjá mynd). Þessum þáttum er er skipt niður í tvo megin flokka; framkvæmd og árangur. Þróuð hefur verið sérstök matsaðferð þar sem hverjum þætti er gefið ákveðið vægi og skipt í nokkra undirflokkasem metnir eru hver og einn á kvarðanum 0-100. Hámarks fjöldi stiga sem fræðilega er hægt að ná er 1000 stig sem fæli í sér að fyrirtækið væri með bestu framkvæmd og árangur í heiminum í öllum þáttum starfseminnar. Að sjálfsögðu nær ekkert fyrirtæki

slíkum árangri. Algengt er að fyrirtæki sem vinna til landsverðlauna í Evrópu nái á bilinu 600-700 stigum og fyrirtæki sem vinna til Evrópuverðlauna 700 til 750 stigum. Örfá fyrirtæki í heiminum hafa náð yfir 800 stigum á þessum mælikvarða.

Fyrirtæki sem sækja um Íslensku gæðaverðlaunin skila inn skýrslu þar sem þau þurfa að lýsa á eins skýran hátt og hægt er, aðferðum, útbreiðslu og árangri í ofangreindum þáttum í starfsemi fyrirtækisins. Sérstakar matsnefndir fara yfir allar umsóknir frá fyrirtækjunum og þau fyrirtæki sem ná tilteknum lágmarksstigafjölda fá heimsókn matsnefndar sem fer mjög nákvæmlega yfir öll þau atriði sem vakið hafa spurningar í fyrstu yfirferð. Matsnefndin gefur síðan fyrirtækjunum einkunn á ofgreindum stigakvarða, auk þess að skila þeim ítarlegri skýrslu um alla þá styrkleika og veikleika í framangreindum þáttum sem fram hafa komið í matsferlinu. Þannig hafa fyrirtækin mikið gagn af umsókninni sem slíkri þótt ekki vinni allir til verðlauna.

Í opinberri umsögn matsnefndar um vinningshafann í ár; VKS, kemur meðal annars fram að helstu styrkleikar fyrirtækisins felist í óvenju sterkri einurð




Ari Arnalds framkv.stj. VKS og Davíð Oddsson forsætisráðherra

stjórnenda og starfsmanna við að ná tókum á öllum helstu stjórnunar- og verkferlum í starfsemi fyrirtækisins og byggist það m.a. á notkun nýjustu upplýsingatækni. Starfsmannamál VKS eru einnig í góðum farvegi þar sem mikil áhersla er lögð á menntun, þjálfun, vinnuumhverfi og fjölskylduvæn gildi. Þá segir í umsögn dómnefndar að VKS hafi náð óvenjulegum árangri hvað varðar ánægju viðskiptavina, samkvæmt þeim könnunum sem ítrekað hafa verið gerðar af óháðum aðila í því sambandi.

Fyrirtækið vinnur nú af krafti við að fullþróa þau stjórn- og upplýsingakerfi sem það hefur notað í eigin gæðastarfi yfir í lausnir sem standa munu öðrum fyrirtækjum til boða.

Samtök iðnaðarins óska VKS til hamingju með árangurinn og óska þeim velfarnaðar á nýrri öld.

Davíð Lúðvíksson og Guðmundur Ásmundsson





# Íslenska ánægjuvogin fer vel af stað – Ísland nr. 1 í Evrópu

Nú liggja fyrir niðurstöður fyrstu mælinga Íslensku ánægjuvogarinnar sem er hluti af stóru evrópsku samstarfsverkefni European Customer Satisfaction Index (ECSI) eða Evrópsku ánægjuvoginni eins og það hefur verið nefnt á Íslandi. Verkefnið var ítarlega kynnt á Iðnþingi á síðasta ári.

Niðurstöður mælinga á þessu ári eru mjög jákvæðar fyrir Ísland, en íslenskir bankar komu best út úr hópi 11 Evrópuþjóða. Framleiðendur kjötáleggs og drykkjarvöru fylgja bönkunum fast eftir hvað varðar ánægju viðskiptavina hér á landi og sýna hæstu tölu fyrir tryggð sem fram kom í mælingunum. Ef tekið er vegið meðaltal af þeim greinum sem mældar voru í Evrópu kemur Ísland best út í heildar-samanburði.

Ánægjuvogin er samræmdur tölfræðilegur mælikvarði á ánægju viðskiptavina á kvarðanum 0-100, sem byggður er á svörum við u.þ.b. 35 spurningum til 250-300 viðskiptavina hvers þátttökufyrirtækis, sem valdir eru samkvæmt slembiúrtaki. Ellefu Evrópuþjóðir tóku þátt í verkefninu í ár, þar sem í fyrsta sinn voru gerðar samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina helstu fyrirtækja í nokkrum atvinnugreinum. Á Íslandi voru gerðar mælingar meðal viðskiptavina banka,

farsímafélaga, tryggingafélaga auk tveggja greina í matvælaíðnaði - drykkjarvöru- og kjötáleggsframleiðslu. Allar þjóðirnar mældu banka- og farsímagreinarnar, nokkuð mismunandi var hvaða aðrar greinar voru mældar í löndunum. Margar þjóðir mældu ánægju viðskiptavina stórmarkaða og nokkrar voru með tryggingafélög. Þá var í einstaka löndum mældar greinar eins og skyndibitastaðir, bílaumboð, og matvælaframleiðsla.

## GLÆSILEGUR ÁRANGUR ÍSLENSKRA BANKA OG MATVÆLAFRAMLEIÐENDA


Þegar niðurstaðan fyrir einstaka starfsgreinar er skoðuð kemur í ljós að íslensku bankarnir standa sig að jafnaði best í Evrópu bæði hvað varðar ánægju viðskiptavina og tryggð. Íslensku bankarnir fá 76,76 stig á ánægjuvoginni og 79,78 stig að meðaltali í tryggð. Næstir íslensku bönkunum koma grísku bankarnir með 76,32 á ánægjuvög, en þeir falla niður í þriðja sæti í tryggð á eftir Frökkum með 74,68. Íslenskir framleiðendur kjötáleggs og gosdrykkja fylgja íslensku bönkunum fast á eftir með 76,36 (kjötálegg) og 75,37 (gosdrykkir). Farsímafyrirtæki og váttryggingafélög koma þar nokkuð á eftir með um 70 stig. Íslensku farsímafyrirtækin eru í fjórða sæti með 70,66 stig á Evrópsku ánægjuvoginni, á eftir Grikkjum, Finn-

um og Belgum, en eru langhæst í Evrópu hvað varðar tryggð viðskiptavina þar sem þau ná 79,73 stigum. Hæstu tölu fyrir tryggð í einstaka starfsgreinum í Evrópu gáfu viðskiptavinir íslenskra kjötáleggsframleiðenda eða hvorki meira né minna en 83,76. Því miður liggja ekki fyrir jafn góðar samanburðarmælingar í öðrum greinum í Evrópu, og í banka- og farsímagreinunum, en sá samanburður sem við höfum sýnir þó að við stöndum mjög vel að vígi í matvælaíðnaðinum.


Árangur einstakra fyrirtækja verður ekki birtur í ár nema í þeim greinum þar sem fleiri en þrjú fyrirtæki eru þátttakendur og þá aðeins fyrir það fyrirtæki sem flest stig fær. Efstir bankanna voru Sparisjóðirnir með 79,84 stig (þó ekki marktækt á undan þeim sem kom nr. 2). Í framleiðslu kjötáleggs var Sild og fiskur (Ali) hæst með 79,60 og af tryggingarfélögum var Tryggingamiðstöðin hæst með 75,74 stig.

Í þeim gagnagrunni sem nú liggur fyrir er auk framangreindra niðurstaðna að finna fjöldan af samanburðarhæfum tölum og upplýsingum fyrir einstök fyrirtæki sem ekki verða birtar opinberlega að þessu sinni. Þetta er í fyrsta sinn sem svo viðamiklar mælingar eru samræmdar og því ljóst að mikinn tíma þarf til að túlka þær og skilja til fulls.

Mynd 1. Ánægjuvög í 11 Evrópulöndum – Ísland nr. 1 (vegið meðaltal)



Mynd 2. Samanburður á ánægjuvög og tryggð í 5 starfsgreinum á Íslandi





## MIKILL ÁHUGI Á ÞÁTTTÖKU FLEIRI LANDA OG STARFSGREINA Í ÁNÆGJUVOGNI

Það er ljóst að Evrópska ánægjuvugin hefur unnið sér fastan sess. Mikil ánægja ríkir með hversu vel tókst til með þessar fyrstu mælingar, en meira en 50.000 viðskiptavinir evrópskra fyrirtækja voru spurðir. Þá hefur orðið vart mikils áhuga fleiri landa og starfsgreina að bætast í hópinn. Að ECSI standa European Organization for Quality (EOQ), European Foundation for Quality Management (EFQM), CSI University Network og iðnaðarráðuneyti Evrópusambandsins.

Þá hafa þáttökufyrirtækin almennt lýst yfir ánægju með þessar nýju mælingar sem ásamt því að gefa þeim ítarlegar upplýsingar um ánægju viðskiptavina eftir aldri, búsetu, kyni og fleiri þáttum, gefa í fyrsta sinn raunhæfan samanburð við önnur fyrirtæki í sömu og öðrum starfsgreinum heima og erlendis. Mælingin nær ekki eingöngu til ánægjunnar, heldur eru ýmsir áhrifa- og afleiðingaráttir skoðaðir. Þar á meðal má nefna ímynd, gæði vöru og þjónustu, væntingar, verðgildismat og tryggð viðskiptavina. Allt bendir því til þess að ánægjuvugin muni á næstu árum þróast sem eitt af mikilvægustu stjórnækjum fyrirtækja til að mæla og meta árangur sinn á markaði.

Eitt af því sem gerir þetta mælitæki svo áhugavert, auk samanburðarhæfninnar, er sú nákvæmni sem náðst hefur í mælingunum, en hún er talin vera +/- 2 stig á kvarðanum 0-100. Það er samdóma álit þeirra sérfræðinga sem að þessu hafa unnið að hér sé um að ræða einna áreiðanlegustu tölfraðigögnin sem gerð hafa verið til samanburðar milli landa.

Að Íslensku ánægjuvuginni standa Gæðastjórnunarfélag Íslands, Samtök iðnaðarins og Gallup, með fjárhagslegum stuðningi Nýsköpunarsjóðs og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis. Þessir aðilar hafa fullan hug á því að taka virkan þátt í framhaldi verkefnisins enda eigum við heiður að verja.

*Davíð Lúðvíksson*



*Róbert Wessman,  
framkvæmdastjóri  
DELTA hf., tekur við  
viðurkenningu  
Lagnafélags Íslands úr  
hendi Ingibjargar  
Pálmadóttur,  
heilbrigðisráðherra*



## Lagnaverk í Lyfjaverksmiðjunni Delta hf. fékk viðurkenninguna „Lofsvert lagnaverk 1998.“

**Lagnafélag Íslands hefur allt frá árinu 1990 veitt viðurkenningar fyrir lagnaverk í nýbyggingum sem þykja skara fram úr í hönnun og uppsetningu. Á dögnum var þessi eftirsóttu viðurkenning veitt fyrir árið 1998 og féll hún í skaut Lyfjaverksmiðjunni Delta hf. í Hafnarfirði og þeirra hönnuða og fagmanna sem þar stóðu að verki.**

Tilgangur viðurkenningar er að efla gæðavitund meðal þeirra sem starfa á þessum vettvangi, efla þróun í lagnamálum með bættum vinnubrögðum, vali lagnaleiða og efna. Ennfremur vilja aðstandendur **Lofsverðs lagnaverks** hvetja með þessum hætti hönnuði og iðnaðarmenn til að auka menntun sína á sviði lagnamála.

Sérstök viðurkenningarnefnd skoðaði þau verk sem til greina komu og var einhuga um að lagnirnar í Delta hf. væru til fyrirmyndar bæði hvað varðar hönnun og uppsetningu. Í áliti nefndarinnar kemur fram að „heildarverk við lagnir í Lyfjaverksmiðjunni Delta hf. eru öll til fyrirmyndar. Aðgengi að öllum tækjum og lögnum er mjög gott, handverk iðnaðarmanna allt til fyrirmyndar. Handbækur lagnakerfa og sérlega vel unnið tölvustýrt þjónustu- og viðhaldskerfi, sem er til eftirbreytni.“ Ennfremur kemur fram í áliti nefndarinnar að „lagnakerfi nýbyggingar Delta hf. eru afar flókin. Um er að ræða fimm aðskilin loftræstikerfi sem þjóna ólíkum kröfum og þar að auki er sérhæft kerfi sem tengjast framleiðslubúnaði, með heildarloft-

magn um 130.000 rúmmetra á klukkustund. Einnig er um að ræða mjög sérhæft pípulagningakerfi“

Eftir afhendingu viðurkenningarinnar gátu gestir skoðað lagnakerfið í húsinu og luku allir upp einum munnni um að hér væri glæsilegt dæmi um góða hönnun og mikið og gott handverk pípulagningamanna og blikksmiða. Það kom líka fram í ummælum enskra eftirlitsaðila, sem hafa víða haft með höndum eftirlit með slíkum verkum, að lagnaverkið allt í Delta væri eitt það besta sem þeir hefðu augum litið, bæði að því er tekur til hönnunnar og handverks.

Lagnahönnun þessa viðamikla verks annaðist TANVEC í samvinnu við Forsjá efh. og rafhönnun og stjórnbúnaður var einnig hannaður hjá TANVEC en í samvinnu við Rafteikningu hf. Blikksmiðja Einars ehf., Blikkás ehf. og Blikksmiðjan Vík ehf. settu upp loftræstikerfið. Blikksmiðameistari var Einar Finnbogason. Pípulagningameistarar voru: Sigurþór og Björn sf. og rafverktaki: Rafloft ehf. Eftirlit með uppsetningu loftræstikerfa var í höndum Lagnatækni ehf.

Við þetta tækifæri voru veittar tvær aðrar viðurkenningar: Júlíusi Einarsyni pípulagningameistara fyrir mjög gott handverk við smíði á lagnakerfi í húsinu Fellsmúla 17 og 19 í Reykjavík. Þá var Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands veitt viðurkenning fyrir áráði og frumkvæði að taka upp nýjungar við notkun kælirafta.

*Ingólfur Sverrisson*

# Samkeppnisstofnun skilar álitni vegna Reiknistofu bankanna

Samkeppnisstofnun skilaði nýlega álitni vegna erindis Samtaka iðnaðarins er varðar samkeppnisstöðu hugbúnaðarfyrirtækja gagnvart Reiknistofu bankanna. Krafa Samtaka iðnaðarins til Samkeppnisstofnunar var tvíþætt: Þess var óskað að samkeppnisyfirvöld meti hvort það skaði samkeppni á hugbúnaðarmarkaðnum að Reiknistofa bankanna greiði ekki virðisaukaskatt af starfsemi sinni auk þess sem þess var krafist að beitt verði ákvæði 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga um fjárhagslegan aðskilnað starfseminnar.

Það hefur lengi verið skoðun upplýsingatæknifyrirtækja og hagsmunaaðila þeirra að virðisaukaskattskilum slíkra aðila sé ábótavant og að herða þurfi til muna eftirlit með virðisaukaskattskilum af hugbúnaðargerð og þjónustu sem rekin er á vegum þeirra sem að öðru leyti eru undanþegnir greiðslu virðisaukaskatts. Óviðunandi er að samkeppnisstaðan sé skert með þessum hætti og að lögum sé ekki framfylgt. Umkvartanir þess efnis hafa verið sendar samkeppnis- og skattayfirvöldum allt frá árinu 1994.

Samkeppnisstofnun kemst að þeirri niðurstöðu að lög um virðisaukaskatt og reglur byggðar á þeim mismuni ekki almennum hugbúnaðarfyrirtækjum samkeppnislega í samanburði við Reiknistofu bankanna. Ráðið virðist þar með ekki telja það sitt vandamál að RB komist upp með að greiða ekki virðisaukaskatt af hugbúnaðargerð og viðhaldi þrátt fyrir að fjármálaráðuneyti og ríkisskattstjóri telji skattskyldu fyrir hendi. Þá bendir stofnunin á að skattskil RB séu til athugunar hjá skattayfirvöldum.

Varðandi kröfu um aðskilnað segir í ákvörðun stofnunarinnar að rekstur RB sé ekki með þeim hætti að beita megi téðu ákvæði samkeppnislaga þar sem reksturinn njóti hvorki opinberra verndar né sé rekinn í samkeppni við aðra.

Samtök iðnaðarins furða sig á niðurstöðunni og hafa ákveðið að áfrýja málinu. Finna má álit Samkeppnisstofnunar á heimasíðu hennar; [www.samkeppnisstofnun.is](http://www.samkeppnisstofnun.is).

Guðmundur Ásmundsson

**Velkomin á vef íslensks UT-iðnaðar**



**Ráðstefna og sýning: Upplýsingatækni sveitarfélaga**

17-19.2



í samfélags nýrri alder

Gættik iðnaðarins
Gættik ísl. hugbúnaðarfyrirtækja
Vefnar-þjónustur

Aðeins á [www.ut.is](http://www.ut.is)

## Afhending sveinsprófsskírteina í málmiðnaði

Fyrir skömmu voru nýútskrifuðum sveinum í fjórum greinum málmiðna afhent sveinsbréf sín.

Af því tilefni efndu Málmur - samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði og Félag járníðnaðarmanna til veglegs samsætis þar sem nýsveinar mættu. Auk þess að afhenda sveinsbréfin voru áður nefnd samtök kynnt svo og starfsemi Fræðsluráðs málmiðnaðarins.

Þeim sem náðu bestum árangri á sveinsprófinu voru afhentar viðurkenningar frá félögumun.



Talið frá vinstri, Örn Friðriksson formaður Félags járníðnaðarmanna, Finnþogi Þ. Árnason, Sigurður Georgsson, Matthías Snorrason og formaður Málmur, Theódór Blöndal



# Hönnunarverðlaunin 1999 afhent á Hönnunardegi húsgagna og innréttinga

Hönnunarverðlaunin 1999 hafa nú verið afhent við hátíðlega athöfn á Kjarvalsstöðum. Það voru fyrirtækin Á. Guðmundsson, Epal, GKS og Penninn sem kynntu rúmlega tuttugu ný verk tólf hönnuða, arkitekta og iðnhönnuða sem tilnefnd voru til Hönnunarverðlauna að þessu sinni.

Dómnefndin var skipuð fulltrúum frá Arkitektafélagi Íslands, Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda og Útflutningsráði Íslands en gefandi Hönnunarverðlauna í ár var Iðnaðar-ráðuneytið.

Finnur Ingólfsson iðnaðarráðherra kynnti niðurstöðu dómnefndar en hún var svohljóðandi:

## VERÐLAUN

Dómnefnd hefur til ráðstöfunar tvenn verðlaun. Aðalverðlaun skulu miðuð við notagildi, framleiðsluhæfi, markaðsmöguleika, form og ytra útlit. Einnig eru veitt sérstök verðlaun sem taka mið af hönnun, formi og listrænni tjáningu.

a. Ákvörðun dómnefndar hönnunardags 1999 er að veita Erlu Sólveigu Óskarsdóttur aðalverðlaun fyrir stólinn Jaka. Í umsögn dómnefndar segir: „Mjög fögur og nútímaleg hönnun og vönduð framleiðsla. Dreki hefur til að bera fagað, létt og leikandi yfirbragð, skemmtilega efnis- og litanotkun og vönduð deili. Sólveigu Erlu hefur tekist að hanna og þróa stóla sem veita líkamanum góðan stuðning og jafnframt eiga stólarinnir alla möguleika á góðri stöðu á markaði.“

Framleiðandi Jaka er Hansen og Sørensen í Danmörku.

b. Verðlaun sem taka mið af af hönnun, formi og listrænni tjáningu koma í hlut Sigurðar Gústafssonar fyrir stólinn Tangó. Í umsögn dómnefndar segir: „Athyglisverð hönnun, form og listræn tjáning. Hönnun Sigurðar er formræn endurspeglun á hreyfingum í tangódansi. Nálgun við viðfangsefnið er nýstárleg

og tilfinning fyrir efniseiginleikum er góð.“

Framleiðandi Tangó er Kallemo í Svíþjóð. Stóllinn var einungis framleiddur í 99 tölusetnum ein-tökum.

## SÉRSTAKAR VIÐURKENNINGAR DÓMNEFNDAR

1. Einar Ólafsson hlýtur viðurkenningu fyrir stól sinn Dropa. Um Dropa segir dómnefnd: „Dropi er athyglisverð hönnun sem virðist í senn vera markaðvæn og framleiðsluhæf“.
2. Erla Sólveig Óskarsdóttir hlýtur viðurkenningu fyrir Dreka. „Formræn fegurð, léttleiki línu og litagleði einkennir þessa hönnun Sólveigar“ segir í umsögn dómnefndar.

## VIÐURKENNINGAR TIL FRAMLEIÐENDA:

Dómnefnd hefur ákveðið að veita fyrirtækjunum Á. Guðmundssyni hf. og GKS hf. sérstakar viðurkenningar fyrir skólahúsgögn sín. Telur dómnefnd að viðbrögð fyrirtækjanna við breyttum aðstæðum og kröfum á markaði skólahúsgagna séu lofsverð og öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar.

Dómnefnd vill jafnframt veita Pennanum hf. og Húsgögnum og innréttingum hf. viðurkenningu fyrir Fléttu



Talið frá f.v.: Einar Ólafsson hönnuður Dropa, Guðni Jónsson fyrir hönd Pennans hf. og Húsgagna og innréttinga hf., Haraldur Sumarliðason formaður SI, Erla Sólveig Óskarsdóttir hönnuður Jaka og Dreka, Finnur Ingólfsson iðnaðarráðherra, Guðmundur Ásgeirsson fyrir hönd Á. Guðmundssonar ehf. og Rafn B. Rafnsson fyrir hönd GKS hf.

2000 skrifstofuhúsgögn og skilrúm. Flétta 2000 er velheppnuð lína þar sem fara saman léttleiki, gagnsæi, notagildi og fjölbreytileiki.

Hönnunardagur var nú haldinn í sjöunda sinn frá árinu 1988. Markmið dagsins er að kynna helstu nýjungar í hönnun og framleiðslu húsgagna og innréttinga hérlendis og veita viðurkenningar fyrir þær áhugaverðustu.

Brynjar Ragnarsson





Evrópskt



# framkvæmdaskírteini í verktakastarfssemi

**CEN og CENELEC er skammstöfun fyrir Evrópsk staðlasamtök í byggingar- og rafiðnaðargreinum. Þau hafa á undanförunum fimm árum unnið að gerð evrópsks staðals sem hefur vinnuheitnið „TC 330 Qualification of construction enterprises“ Hugmyndin að baki staðalgerðarinnar er að hægt sé að nota hann til að flokka verktaka sem hyggjast taka þátt í opinberum útboðum, auka samkeppnis-möguleika og opna landamæri.**

Evrópusambandið átti frumkvæði að staðlagerðinni var ýtt af stað af Evrópusambandinu og CEN/CENELEC var fengið til að annast hana. Megin markmið Evrópusambandsins var að gerður væri einn staðall sem gæti komið í stað ámóta reglna sem gilda í mörgum Evrópulandanna. Með því móti væri ýtt úr vegi hindrunum sem annars eru til staðar um sókn fyrirtækja til annarra landa eftir verkefnum. Þess ber hins vegar að geta að mannvirkjagerð er í raun mjög staðbundin og reynslan hefur sýnt að lítil og meðalstór fyrirtæki á tilboðsmarkaði leita í mjög litlum mæli út yfir landamæri til verkefnaöflunar. Það gera einungis fá og mjög stór fyrirtæki.

## STAÐLARÁÐ

Starfi CEN/CENELEC nefndanna „TC 330 Qualification of construction enterprises“ er skipt niður á þrjá megin hópa. Einn skoðar tæknilega hlutann, annar skoðar stjórnunar-, lögfræði- og fjárhagshlutann. Þriðji hópurinn ber svo ábyrgð á samræmingu þessara þátta og útbýr heildstæðan staðal sem hægt er að vinna með í raunveruleikanum. Hér verður vinnu þessara hópa ekki lýst nákvæmlega en ljóst er að vinnan hefur tekið lengri tíma en búist var við og að erfiðara hefur verið að samræma sjónarmið hinna mismunandi landa. Stafar það fyrst og fremst af því að sum Evrópulandanna vinna nú þegar með reglur sem að einhverju leyti eru sambæri-

legar þessum og vilja halda þeim í stórum dráttum. Reglur þessarra landa eru mjög flóknar og því verður stór stofnun að halda utan um þessi mál í hverju landi fyrir sig. Byggingarstaðlaráð hefur á þessu ári tekið þátt í staðlagerðinni og þá í þeim tilgangi að stuðla að því að staðallinn verði eins einfaldur og mögulegt er.

En hvenær getum við þá ætlað að slíkur staðall taki gildi? Þessu er ekki gott að svara. Vinna við hann hefur staðið yfir í um fimm ár en er nú að mestu lokið. Áætlanir CEN gera ráð fyrir því að hægt verði að senda staðalinn út til umsagnar um mitt næsta ár og að staðallinn verði samþykkuð á árinu 2001 og komi því til með að taka gildi á árinu 2002. Þennan tíma verður að nota vel hér heima til undirbúnings og skoðunar á því hvað þarf að gera til að íslensk verktakafyrirtæki geti áttað sig á því í hvaða flokki þau eru og hvað möguleikar eru til að færast á milli flokka, hvort heldur er upp eða niður.

## ÚT Á HVAD GENGUR STAÐLAGERÐ?

Ef skoðaðar eru þær tillögur sem nú

liggja fyrir sést að í stórum dráttum gengur þessi staðall út á það að flokka verktaka með tilliti til hæfni, fjárhagslegrar getu, veltu og fyrri verkefna sem hann hefur unnið.

Skandinavísku löndin fjögur hafa tekið mjög virkan þátt í þessu starfi og hafa barist fyrir því að flokkunin verði ekki of nákvæm. Sú aðferð mundi leiða af sér mjög mikið skriffræði og yrði því kerfinu til trafala. Allir geta verið samála um að ef þessar reglur leiða til aukinna gæða og afkasta í mannvirkjagerð þá eru þær af hinu góða. Hins vegar að koma í veg fyrir að skriffræði aukist og fyrirhyggju hugsun „stóra-bróður“ verði meiri en hún er í dag.

## HVER VERÐA ÁHRIFIN HÉR Á ÍSLANDI?

Staðallinn mun hafa áhrif á val verktaka sem eru að bjóða í opinberar framkvæmdir sem eru yfir útboðsmörkum EES samningsins. Það er þó mjög líklegt að opinberir útboðsaðilar muni með tímanum láta hann gilda fyrir öll sín útboð og því mun hann hafa áhrif á alla verktaka, stóra sem smáa. Eins og áður sagði er enn nokkur tími þar til staðallinn tekur gildi og því er nokkurt svigrúm til að átta sig á því hvernig hann er og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að komast í ákveðinn flokk. Þó verður að hefja undirbúning að því hver kemur til með að annast þessa flokkun og hvernig verktakar eiga að bera sig að þegar kemur að því að fá niðurröðun í flokka.

*Eyjólfur Bjarnason*



## Málningarstyrkur Hörpu

*Harpa hf. hefur í annað sinn afhent málningarstyrk til fimmtán aðila sem hyggjast nota hann til að endurbæta mannvirki og vernda gömul menningarverðmæti. Með þessu móti vill Harpa hf. hvetja landsmenn til að mála og fegra umhverfi sitt og um leið styðja einstaklinga og félög til góðra hluta á þessu sviði.*

## Verkbókhald fyrir framleiðslufyrirtæki frá Streng hf.

Nú er nýlokið þróun og smíði verk-bókhalds sem hefur verið sérstaklega aðlagð fyrir framleiðslufyrirtæki.

Verkefnið var unnið í samstarfi við Ásprent-POB ehf. á Akureyri, sem er stærsta prentsmiðjan á landsbyggðinni. Ásprent-POB ehf. hentaði vel fyrir slíka þróunarvinnu vegna fjölbreytileika í rekstri, en auk þess að vera með framleiðslu á tölvupappír og almenna prentun gefur fyrirtækið út og dreifir bókum.

Með tilkomu verkboðhaldsins má fullyrða að ut anumhald verka og upplýsingaflæði verður mun nákvæmara. Nú er auðvelt að fylgjast með hvaða tíma - og hversu miklum tíma hefur verið ráðstafað á menn og tæki, á dag,

viku eða mánuð. Auk þessa auðveldar kerfið allar hræfnispantanir. Nákvæm áætlun um kostnað liggur fyrir við upphaf verks og raunkostnaður við verkið liggur fyrir stax að því loknu.

### PALMPILOT - STRIKAMERKJALESARAR

Til að einfalda og flýta fyrir inn-skráningu upplýsinga hefur strikamerkjum verið bætt inn í verkboðhaldið. Með PalmPilot handtölvum geta starfsmenn skráð sig inn og út af verki, auk þess að skrá birgðir sem notaðar eru í verkin. Handtölvurnar lesa strikamerki af verkbeiðnum, starfsmannakortum, vélum og birgðum. Hægt er að fá handtölvur sem senda upplýsingar jafnóðum inn í bókhaldskerfið.

*Þórarinn Gunnarsson*

## Jólasveina-skeiðin 1999 Skyr-gámur

Jólasveina-skeið Gull- og silfursmiðjunnar Ernu fyrir jólin 1999 verður fimmta árið í röð framleidd eftir teikningu 11-12 ára grunnskólanema. Í ár varð teikning Bjarna Birgissonar nemanda í Fossvogsskóla í Reykjavík fyrir valinu.

Silfurskeiðin er samstarfsverkefni Félags íslenskra myndlistarkennara og Gull- og silfursmiðjunnar Ernu (sími 552 0775) og er ein leið til að tengja saman atvinnulíf og skóla.



## Launakönnun í prentiðnaði

### Helstu niðurstöður úrtakskönnunar á mánaðarlaunum bókgæðarmanna í september 1999.

Samanburður við niðurstöður úrtaks í september 1996, 1997 og 1998.

Könnuð voru mánaðarlaun greidd í september 1999 hjá 399 launþegum samanborið við 407 launþega árið 1998. Iðnsveinar reyndust vera 278 árið 1999 en voru 293 árið 1998. Aðstoðarfólk reyndist vera 121 árið 1999 en var 114 árið 1998. Júlí og desember-uppbætur eru reiknaðar inn í launin.

Ef skoðaðar eru helstu breytingar, sést að meðallaun aðstoðarfólks hafa hækkað um 7,20% milli árunna 1998 og 1999. Meðallaun iðnsveina á sama tímabili hækka um 7,62%. Samningsbundin hækkan um áramót, var 3,65%, launaskrið virðist því vera á bilinu 3,5% til 4%.

Ekki er um að ræða útborguð laun heldur mánaðarlaun með yfirborgun, desember- og júlíuppbót en án vaktaá-lags og án yfirvinnu.

Allar tölur ber að skoða með nokkurri varúð, en þær sýna fyrst og fremst þróun. Ekki hefur verið gerð til-raun til að para úrtakið. Þannig er ekki

víst að um sé að ræða sömu einstak-linga í öllum könnunum, þó svo að sömu fyrirtæki hafi tekið þátt.

*Þórarinn Gunnarsson*

	Lægstu laun.	Meðal laun.	Hæstu laun.	Fjöldi.
<b>Aðstoðarfólk:</b>				
1996	kr. 63.339	kr. 83.312	kr. 123.728	102
1997	kr. 65.262	kr. 86.556	kr. 129.453	105
1998	kr. 70.868	kr. 91.710	kr. 142.640	114
1999	kr. 73.449	kr. 98.310	kr. 148.262	121
<b>Iðnsveinar:</b>				
1996	kr. 76.911	kr. 119.997	kr. 211.449	300
1997	kr. 88.396	kr. 129.366	kr. 221.388	298
1998	kr. 83.578	kr. 136.896	kr. 230.248	293
1999	kr. 96.661	kr. 147.325	kr. 255.508	278



# Samstarf um tækniháskóla í óvissu

Samstarf um að stofna félag sem semji við menntamálaráðuneytið um að taka við rekstri Tækniskóla Íslands er í óvissu eftir að Alþýðusamband Íslands lýsti sig mótfallið því að Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri yrðu beinir aðilar að rekstri skólans.



iðnaðarins og fleiri rannsóknastofnanir höfðu lýst yfir vilja sínum til að ganga til liðs við þetta samstarf.

Aðeins sólarhring áður en

gengið skyldi á fund menntamálaráðherra og honum tilkynnt um þessa niðurstöðu bárust fréttir um að afstöðubreytingar væri að vænta hjá Alþýðusambandi Íslands. Það voru því fulltrúum Samtaka iðnaðarins, sem og annarra samstarfsaðila, mikil vonbrigði er ASÍ lagði fram minnisblað hjá ráðherra sem gekk þvert gegn þeirri breiðu samstöðu sem náðst hafði.

Samtök iðnaðarins hafa óskað eftir sérstökum fundi með menntamálaráðherra til að ræða framhald málsins.

Ingi Bogi Bogason  
Davíð Lúðvíksson

Í byrjun nóvember hafði náðst breið samstaða um að stofna félag sem hefði að markmiði að lyfta verk- og tæknimenntun hér á landi og tæki að sér rekstur Tækniskóla Íslands í þeim tilgangi að þróa hann yfir í öflugan tækniháskóla.

Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Verkfræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands, Iðntæknistofnun, Rannsóknastofnun byggingar-



*Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði hefur nýlega gefið út myndarlegan bækling um þjónustu meistara.*

*Nánari upplýsingar gefur Guttormur Pálsson, framkvæmdastjóri félagsins, s. 555 2666.*

Öflug upplýsingamiðlun um Samtök iðnaðarins

Áhugaverðir viðburðir á döfinni

Vandaður fréttáflutningur af málefnum íslands iðnaðar

www.si.is ...einfaldara getur það ekki verið